

Rafmagnsmælisskynjari
2356 02

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Þýskaland
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
Netfang: www.gira.de
Vefslóð: info@gira.de

06/11

GIRA

Samræmisyfirlýsing

Notkun rafmagnsmælisskynjarans er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA. Samræmisyfirlýsingu er að finna á niðurhalssvæðinu www.download.gira.de.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérværslunar/uppsetningaraðila/raftækjaværslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Öryggisleiðbeiningar


Sjá upplýsingar um spennugjafa. Ekki má nota annars konar spennugjafa en lýst er í þessum leiðbeiningum. Aldrei má hlaða venjulegar rafhlöður. Hætta er á sprengingu! Fleygið rafhlöðum ekki í eld! Valdið ekki skammhlaupi á rafhlöðum! Aðeins má nota tækið innandyrja þar sem það er varið fyrir áhrifum raka, ryks, sólarljóss og hita.

Fyrirhuguð notkun

Gira rafmagnsmælisskynjarinn er notaður til að skrá rafmagnsnotkun á mælum fyrir þrífasa og einfasa riðstrauma með snúningsskífu með rauðri merkingu (Ferraris-skífu). Ef tækið er notað með öðrum hætti en lýst er í þessum notkunarleiðbeiningum telst það vera röng notkun og falla ábyrgð vegna galla og skaðabótaábyrgð þá úr gildi. Þetta á einnig við um breytingar sem gerðar eru á tækinu. Mælingar tækisins eru ekki til þess fallnar að þær séu notaðar til upplýsingar fyrir almenning. Tækið er eingöngu ætlað til einkanota, en ekki til útreiknings á gjöldum. Aðalmælirinn er yfirleitt innsiglaður og í eigu raforkufyrirtækis. Má því ekki eiga við hann. Ef mælíbúnaði er komið fyrir má hann ekki hafa áhrif á mælinn auk þess sem það verður að vera hægt að fjarlægja mælíbúnaðinn án þess að hann skilji eftir sig ummerki. Rafmagnsmælisskynjarinn er hannaður til að uppfylla þessar kröfur. Snertilaus ljósrafeindaskráning mæligagna gerir að verkum að ekki þarf að eiga við mæli eða rafleiðslur.


Lýsing á virkni

Gira rafmagnsmælisskynjarinn samanstendur af skynjara og sendi. Skynjarinn greinir þegar rauða merkingin á snúningsskífunni (Ferraris-skífunni) fer hjá og sendir mæligögnin áfram til sendisins. Hann sendir gögnin síðan áfram til Gira orku- og veðurstöðvarinnar. Á skynjaranum er ljósdíóða sem logar þegar hann greinir rauðu merkinguna á Ferraris-skífunni. Á sendinum er ljósdíóða sem logar á meðan þráðlaus sending gagna stendur yfir. Við venjulega notkun sýnir skjárinn á sendinum mælt afl við síðasta snúning Ferraris-skífunnar í þrjár mínútur eftir að stutt er á hnapp. Skynjarinn og sendirinn eru hvor í sínu húsinu svo hægt sé að koma þeim fyrir á sem hentugustum stöðum. Þannig er annars vegar hægt að koma skynjaranum fyrir beint á rafmagnsmælinum og hins vegar hægt að nota tengikapal til að koma sendinum fyrir á stað þar sem næst gott þráðlaust samband.



Rafhlöður settar í og skipt um þær

Skynjarinn fær spennu frá sendinum. Hann gengur fyrir fjórum Alkaline-rafhlöðum (1,5 V af gerðinni LR6, Mignon, AA). Báðum megin við rafhlöðuhólf sendisins eru litlar skorur til að taka lokið af því. 1. Takið lokið af rafhlöðuhólfinu með því að stinga skrófjárnri í skorurnar. 2. Setjið fjórar LR6-rafhlöður í sendinn og gætið þess að skaut þeirra snúi rétt. 3. Setjið lokið aftur á rafhlöðuhólfið og festið það.



Notkun rafhlaða

Aðeins má nota Alkaline-rafhlöður í rafmagnsmælisskynjarann, ekki hleðslurafhlöður.

Tákn um að rafhlöður séu tómar

Þegar rafhlöðurnar eru tómar birtast venjulega skjámyndin og **bAt** til skiptis á skjá sendisins. Skal þá skipta um rafhlöður í sendinum. Tengingin við orku- og veðurstöðina rofnar ekki þegar skipt er um rafhlöður.

Sendir tengdur

Tengja verður þráðlausar einingar saman svo þær geti átt samskipti sín á milli. 1. Haldið ► á sendinum inni í þrjár sekúndur. ✓ Næstu fimm mínúturnar sendir sendirinn þá frá sér tengingarmerki með fimm sekúndna millibili. Á meðan verið er að stilla tenginguna inn logar ljósdíóðan á sendinum. 2. Innan þessara fimm mínútna skal setja orku- og veðurstöðina í forritunarstillingu (sjá notkunarleiðbeiningar fyrir orku- og veðurstöð). ✓ Þegar kveikt hefur verið á sendinum sýnir hann útgáfunúmer, A og kW í eina sekúndu. Þannig er gefið til kynna að skynjarinn hafi verið tengdur. ✓ Þegar tengingu hefur verið komið á sýnir orku- og veðurstöðin upplýsingarnar frá rafmagnsmælinum. 3. Stutt er aftur á ► til að fara úr forritunarstillingunni á skynjaranum. Hægt er að tengja hvern skynjara við eins margar orku- og veðurstöðvar og óskað er.

Tengingu eytt

Aðeins er hægt að eyða tengingu rafmagnsmælisskynjara á orku- og veðurstöðinni.


Uppsetning

Uppsetning skynjara

Vandið ykkur!

Staðsetja verður skynjarann nákvæmlega fyrir ofan mælisskífuna. Ekki þarf nema nokkurra millimetra skekkju til þess að búnaðurinn virki ekki rétt. Af þessum sökum þarf að sýna sérstaka aðgát þegar eftirfarandi er gert.


Nota þarf meðfylgjandi skapalón þegar skynjarinn er settur upp.



- Hreinsið framhliðina með hentugu hreinsiefni.
- Leggið skapalónið þannig á framhlið mælisins að rauða merkingin á mælisskífunni liggi beint yfir miðjum staðsetningarkrossinum á skapalóninu.
- Í þessari stöðu skal setja punkta í miðju merkgatanna fjögurra með hentugum penna.
- Límið skynjarann á framhlið mælisins með límstrímlunum. Staðsetning merkinganna fjögurra verður að standast á við renningana fjóra á skynjaranum.


Varúð -
Ekki þrýsta framhliðinni inn!

Ekki má beita of miklum þrýstingi þegar skynjarinn er límdur á framhlið mælisins.



Uppsetning sendis

- Tengið sendinn við skynjarann með tengikaplinum.
 - Gangið úr skugga um að orku- og veðurstöðin fái reglulega gögn frá sendinum. Ef þörf krefur skal færa sendinn eða orku- og veðurstöðina úr stað til að koma á stöðugu þráðlausu sambandi.
- Á bakhliðinni eru tvö lykilogt fyrir festingu við vegg.



- Merkið fyrir borgötum.
- Borið festigötin (Ø 5 mm) og setjið meðfylgjandi múrtappa í götin.
- Skrúfið meðfylgjandi skráfur í. Þær þurfa að standa út um 0,5 cm til þess að hægt sé að hengja sendinn í þær.

Stilling á næmi skynjara

Þar sem mismunandi raforkufyrirtæki notast við mæla af mismunandi gerð getur þurft að laga skynjarann að Ferraris-skífunni hverju sinni. Auk þess er hægt að stilla næmi skynjarans. Ef næmi skynjarans er rétt stillt sýnir ljósdíóðan á skynjaranum þegar rauða merkingin á Ferraris-skífunni fer í gegn. Ef skynjarinn greinir ekki merkinguna eða bara endrum og eins er hægt að stilla næmi skynjarans með eftirfarandi hætti:

- Kveikið á stóru rafmagnstæki með að minnsta kosti 3000 W afli (t.d. rafmagnshellu) þannig að Ferraris-skífan snúist nægilega hratt.

- Styðjið á **Mode**.
✓ Þröskuldurinn sem stilltur er inn á bilinu -99% og +99% birtist á skjánum.
- Breytið næmi skynjarans með ◀ þannig að gaumljósið á skynjaranum logi stöðugt.
- Breytið næmi skynjarans með ▶ þannig að hann greini það rétt í hvert sinn þegar rauða merkingin fer hjá. Skráið gildið hjá ykkur.
- Breytið næmi skynjarans með ▶ þannig að ekki kvikni lengur á ljósdíóðunni þegar rauða merkingin á skífunni fer í gegnum sjónsvið skynjarans. Skráið hitt gildið hjá ykkur.
- Notið ◀ og ▶ til að stilla á gildið sem er mitt á milli gildanna tveggja sem skráð voru niður.



- Til dæmis:**
- gildi: +20, 2. gildi: +40, Næmi skynjara: +30
- Styðjið á **Mode** til að vista gildið og fara aftur í venjulega virkni.
- ✓ Ef ekki er stutt á hnapp í meira en 60 sekúndur fer tækið sjálfkrafa aftur í venjulega virkni. Innstillt næmi skynjara er þá vistað.

Fast gildi mælis stillt inn

Til þess að mælingin verði rétt þarf að stilla inn fasta gildið sem tilgreint er á mælinum. Fasta gildi mælisins gefur til kynna hversu oft snúningsskífan (Ferraris-skífan) snýst fyrir hvert 1 kWh af orku sem notuð er. Fasta gildi mælisins er yfirleitt prentað á hann. Ef svo er ekki er hægt að fá upplýsingar um gildið hjá raforkufyrirtækinu.

- Haldið **Mode** inni í meira en tvær sekúndur.
- ✓ Skjárinn sýnir fast gildi mælis sem stillt er á í sn./kWh og ljósdíóðan á sendinum logar.
- Stillið fast gildi mælis með ◀ og ▶. Stillingin breytist hraðar ef hnappinum er haldið inni í meira en tvær sekúndur.
- Styðjið á **Mode** til að vista gildið og fara aftur í venjulega virkni.
- ✓ Ef ekki er stutt á hnapp í meira en 60 sekúndur fer tækið sjálfkrafa aftur í venjulega virkni. Fast gildi mælis sem stillt er á er þá vistað.
- ✓ Í allt að 10 mínútur eftir að stutt er síðast á hnapp á sendinum logar ljósdíóða skynjarans til að gefa til kynna þegar Ferraris-skífan fer hjá og ljósdíóðan á sendinum logar í stutta stund á meðan sending stendur yfir.
- ✓ Næstu þrjár mínútur er sýnd rafmagnsnotkun milli síðustu tveggja páska í W.



Að því loknu eru ekki gefin frekari merki til þess að auka endingu rafhlaðanna. Styðja skal á einhvern hnapp á sendinum til að gera ljósdíóðurnar virkar í 10 mínútur.

Sending gagna og truflanir

Sendirinn sendir gögn til orku- og veðurstöðvarinnar með 2–3 mínútna millibili. Þar sem þráðlaus sendingin fer ekki um lokaða leið er ekki hægt að útiloka truflanir. Nánari upplýsingar er að finna í notkunarleiðbeiningum orku- og veðurstöðvarinnar. Til að koma samstillingu aftur á handvirkt er hægt að eyða tengingu sendisins úr orku- og veðurstöðinni og tengja hana að nýju eins og lýst er í kaflanum "Sendir tengdur".

Viðhald og þrif

Varan þarfnast ekki viðhalds að öðru leyti en því að skipta þarf um rafhlöður. Látið fagmenn annast allar viðgerðir. Hreinsið vöruna með mjúku, hreinu og þurrum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk. Ef um mikil óhreindi er að ræða er hægt að væta klúttinn lítillega með volgu vatni. Notið ekki hreinsiefni sem innihalda leysiefni. Það getur valdið skemmdum á plasthúsinu og áletruninni.

Ábending um förgun

Takið tómar rafhlöður strax úr og fargið þeim á umhverfisvænan hátt. Fleygið rafhlöðum ekki með heimilissorpi. Upplýsingar um umhverfisvæna förgun fást hjá þar til bæru yfirvaldi á hverjum stað. Lögum samkvæmt ber notendum að skila notuðum rafhlöðum.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	6 V
Rafhlöður:	4 x Alkaline 1,5 V (LR6, Mignon, AA)
Notið ekki hleðslurafhlöður!	
Straumnotkun:	u.þ.b. 140 µA
Næmi skynjara:	-99 til +99%
Fast gildi mælis (stillanlegt):	10 til 2500 sn./kWh
Tími milli sendinga:	2 til 3 mínútur (breytilegt)
Senditíðni:	868,35 MHz
Drægi án hindrana:	100 m
Umhverfishiiti:	0 til 50 °C
Mál (B x H x D)	
Sendir:	68 x 105 x 30 mm
Skynjari:	40 x 30 x 14 mm

Athugið

Framleiðandi og söluaðili þessa rafmagnsmælisskynjara taka enga ábyrgð á röngum gildum og þeim afleiðingum sem af því kunna að hljóta.